

Lagabreytingatillaga frá ungmennáþingi 2018 um atkvæðadreifingu á Skátáþingi

19. Grein laga BÍS hljóðar svo:

Rétt til setu á Skátáþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera lögráða.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátáþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátáþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS.
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS.
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátáþings.

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátáþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátáþings.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

Rétt til setu á Skátáþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og **minnst tvö atkvæði bundin skátum á aldrinum 18-25 ára.**

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera lögráða.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS.
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS.
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings.

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Greinargerð:

Ungmennapung skáta, sem haldið var 3. mars 2018, samþykkti að leggja fram sameiginlega lagabreytingartillögu um að binda 2 atkvæði skátafélaga á skátaþingi við 18-25 ára skáta.

Við tölum mjög oft um að skátahreyfingin á Íslandi sé ungmennahreyfing, fyrir ungmenni stýrð af ungmönnum.

Með því að binda 2 atkvæði frá hverju félagi á skátaþingi við skáta á aldrinum 18 - 25 gerum við það að stefnu Bandalags Íslenskra skáta að ungt fólk móti starf þess. Með þessari lagabreytingu tryggjum við virka þáttöku ungmenna í ákvörðunartöku á skátaþingi.

Fyrir hönd Ungmennapings 2018,
Benedikt Þorgilsson róverskáti